

# Skólaráðsfundur

16. apríl 2024 kl. 8:15 í Tjarnarsal

Mættir: Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri, Hannes Birgir Hjálmarsson og Kristín Hulda Halldórsdóttir fulltrúar kennara, Erla Ösp Ísaksdóttir fulltrúi almennra starfsmanna, Manassa Qarni og Kristín Eva Harðardóttir fulltrúar foreldra. Særún Jónsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags. Örylgur Svanur Aðalsteinsson fulltrúi nemenda.

## 1. Líðankannanir

Sem stendur eru líðankannanir sem lagðar hafa verið fyrir nemendum í gegnum árin í endurskoðun hjá námsráðgjafa og voru því ekki lagðar fyrir í vor.

## 2. Nemendafjöldi – staðan

Farið yfir fjölgun nemenda við skólann á skólaárinu. Nemendum hefur fjölgun um 40 frá upphafi skólaárs til dagsins í dag eða um 25%.

## 3. Skipulag vorsýningar á Uppstigningardag

Skipulag vorsýningar verður hefðbundið, sýning á verkum nemenda, kaffisala og tombóla 6.b. sem er fjáröflun fyrir Reykjaferð að hausti í 7. bekk. Í skoðun er hjá foreldrafélagi að vera með viðburð.

## 4. Umferðaröryggismál, drög að erindi til skipulagsnefndar

Farið yfir drög að erindi til skipulagsnefndar vegna umferðaröryggis við skólann og á gönguleiðum nemenda til og frá skóla. Rætt um hringakstur í aðra átt þar sem börnum sem ekið er til skóla er hleypt út. Einnig rætt um að bannað verði að leggja við kant í hringakstursleið og það merkt skilmerkilega með umferðamerki og gulumáluðum kanti. Óskað verði eftir sérmerktu svæði fyrir skólabíl og þar verði öðrum bifreiðum óheimilt að stöðva. Við gatnamót Stapavegar og Tjarnargötu þar sem hraði er mikill er tillaga skólaráðs að sett verði upp gangbrautarljós. Af þeim sem þekkja til og búa í grennd við umrædd gatnamót er ítrekað ekki stoppað fyrir gangandi umferð.

## 5. Önnur mál

- Hannes fór yfir Erasmus-verkefni skólans og ferðir nemenda skólans til Frakklands og Ítalíu. Nemendur frá Frakklandi og Ítalíu koma til Íslands um miðjan maí.
- Ábending um að kynna inntökuskilyrði framhaldsskóla tölvuvert fyrir en nú er gert s.s. í upphafi 8. bekkjar.
- Lögð fram hugmynd um að foreldrum sé kynnt betur stærstu viðburðir á skólaári hjá sínu barni við upphafi skólaárs s.s. ferðalög og stærri viðburði sem eru bundnir við ákveðna árganga. Upplýsingarnar liggja fyrir í starfsáætlun skólans á heimasíðu en gætu verið sýnilegri. Mögulega má kynna þetta við skólasetningu eða á fyrsta foreldrafundi.

Fundi slitið kl. 9:20

Fundarritari: Hilmar Egill